

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

3. fundur þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, haldin 15. júní 2022, klukkan 10:00 í fjarfundi.

Mættir: Kristinn Jónasson (formaður), Magnús Aðalsteinn Sigurðsson (Minjavörður), Inga Dóra Hrólfsdóttir (sviðsstjóri), Iðunn Bragadóttir (Samút), Hákon Ásgeirsson og Jón Björnsson (Þjóðgarðsvörður) sem ritar fundargerð

Fjarverandi: Anna Hallgrímsdóttir (Náttúruverndar-samtök) og Þórður Runólfsson (ferðaþjónustan)

1. Fundargerð annars fundar.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
2. Kynning á nýjum þjóðgarðsverði.
Hákon Ásgeirsson boðin velkominn á fundinn og hann kynnti sig.
3. Farið yfir hvernig reksturinn, gestafjöldi og starfsmannamál
 - Rúmlega 100.000 gestir hafa komið í þjóðgarðinn sem af er ári. Þar af hafa komið tæplega 14.000 gestir á gestastofuna. Gestafjöldi dróst verulega saman 2020 og 2021 en nú stefnir í að gesta-fjöldi verði sá sami og 2017-2018.
 - Í dag eru tveir starfsmenn í föstu starfi og þrír lausráðnir landverðir. Inga Dóra upplýsti að til standi að ráða í 3,5 stöðugildi á árinu. Þegar hefur verði auglýst eftir þjónustustjóra og stendur val yfir.
 - Rætt var um opnunartíma gestastofunnar á Malarrífi sem er frá kl. 11:00 að morgni til 16:00 síðdegis.

Ábendingar hafa komu fram um að lengja þyrfti opnunartímann til kl. 17:00

4. Verkefni ársins 2022 kynnt

Jón fór yfir verkefnaáætlun ársins. Helstu verkefni eru:

- Útsýnispallar og útsýnisstígur við Arnastapa
- Áfram unnið við hringleið um Djúpalón og gönguleið í Dritvík
- Útsýnispallur og göngustígur að skerjum við Malarrífsvita
- Ýmsar smærri framkvæmdir á Malarrífi s.s. útilýsing, leiksvæði og innanhússframkvæmdir
- Bílastæði og minjaheildasvæði í Öndverðarnesi
- Móttöku og áningastaður við Saxhól
- Stikun og merking gönguleiða

5. Farið yfir byggingaframkvæmdir þjóðgarðsmiðstöðvar.

Fjármagn hefur fengist til bílastæðis við Þjóðgarðsmiðstöð og til sýningarinnar. Rætt um ýmsar aðrar framkvæmdir við húsið og skil.

6. Farið yfir „Franska“ verkefnið. Mýeindaskanni (Muons) hefur verið settur við Vatnshelli og stendur frönsk rannsóknarstöð fyrir verkefninu (From cosmos to the center of the earth). Tekin verður einskona sneiðmynd af Jöklinum á nokkrum árum og að því loknu má skoða innviði fjallsins í þrívídd. Efnasamsetning, þykkt og magn jökulíss, hiti í fjallinu og fleira ætti að koma fram. Spurning hvort við finnum Bárð Snæfellsáss og leiðina að miðju jarðar er óviss.

Óskað er eftir frétt frá þjóðgarðinum um verkefnið

7. Farið yfir stöðuna á salernismálum á Djúpalónssandi. Hreinsivirki er í innkaupum og verður sett niður um leið og það kemur á staðinn. Samhliða verður sett upp bráðabyrgðar bílastæði og salerni flutt frá Djúpalóni.

8. Rædd ferð Þjóðgarðsráð um þjóðgarðinn. Stefnt verður að slíkri ferð í ágúst eða september.

Önnur mál voru engin og fundi slitið kl. 11:01